

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-021-V02	Svæðisskipulag Suðurlandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
25.10.2022	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
21	Greinargerð og stefnumörkun Seinni hluti greinargerðar	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
HB 21.11.2022	SASS	Hvoll, Hvolsvöllur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari B. Thorarensen	Árborg	
Nanna Jónsdóttir	Ásahreppur	
Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir	Bláskógabyggð	
Árni Eiríksson, Harpa Magnúsdóttir	Flóahreppur	
Björn Kristinn Pálmarsson	Grímsnes- og Grafningshr.	
Jón Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur	
Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gunnarsson, Ólafur Júlíusson	Skaftárhreppur	
Sigurður Unnar Sigurðsson, Ingvar Hjálmarsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Einar Freyr Elínarson,	Mýrdalshreppur	
Anton Kári Halldórsson, Bjarki Oddson	Rangárþing eystra	
Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	Verkfræðistofan EFLA	
Dreifing	Fyrirtæki	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Fundarskjöl	Næsti fundur	
Vinnuskjöl: Kynning	Nóvember 2022	

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 20. fundar og telst hún samþykkt.

Fundardagskrá

1. Opnun fundar
2. Drög að tillögu
3. Umhverfisskýrsla
4. Næsti fundur

1. Opnun fundar

Gísli Gíslason opnaði fundinn, fór yfir stöðu verkefnisins og tímalínu, nú þegar það stýttist í að tillagan fari í kynningar og umsagnarferli. Einnig fór hann yfir kynningar og samráð sem framundan er.

Greint var frá því að Náttúrufræðistofnun hefði skilað af sér greinargerð vegna landslagsflokkunarinnar og mats á verndargildi jarðminja.

2. Drög að tillögu

Gísli Gíslason og Hrafnhildur Brynjólfsdóttir EFLU fóru yfir drög að greinargerð svæðisskipulagsins. Farið var stuttlega yfir kafla 3 og 4 sem voru einnig til umræðu á síðasta fundi, en lengri tími var tekinn í kafla 5-6-7. Fundarfólk hafði fengið greinargerðina senda í drögum fyrir fundinn.

Hér eru punktar úr umræðu um efni greinargerðarinnar.

Kafli 3. Sterkir innviðir

- Vegir
 - Umfjöllun um vegina í framhaldi af umræðu á síðasta fundi nefndarinnar.
 - Tillaga kom fram um að taka upp orðalag Landsskipulagsstefnu um opnunartíma stofnvega.
 - Farið var yfir kort sem sýnir flokkun vega. Fjallabaksleið frá Landmannalaugum í Skaftárhreppi verður meginleið.
- Þjónustustaðir ferðamanna
 - Umræða um stöðu Reykholts og hvernig er hægt að flokka hann. Móttaka verður fyrir gesti Reykholts í Sandbúðum.

Kafli 4. Umhyggja fyrir auðlindum

- Auðlindir ferðaþjónustunnar.
 - Farið var yfir uppfærð kort í kaflanum.

Kafli 5. Ábyrg nýting auðlinda

- Beitar og veiðinytjar
 - Farið yfir kort sem sýnir afréttar. Nefnt að það væri upplýsandi ef það væri aðgengilegt kort sem sýnir fjölda fjár á fjalli eftir sveitarfélögum.
 - Farið yfir kort sem sýnir landgræðslu- og skógræktarsvæði.

Kafli 6. Aðgerðir fyrir loftslagið

- Loftslag

- Farið var yfir stefnu um loftslag og gerðar nokkrar orðalagsbreytingar. Rætt var um hvort stytta mætti kaflann sem er til skýringar og verður það gert.
- Bætt verður við umfjöllun um Gróland.

Kafli 7. Vinnum vel saman

- Framfylgd svæðisskipulagsins
 - Umfjöllun um umsýslu svæðisskipulagsnefndar eftir gildistöku svæðisskipulagsins, hlutverk SASS, frest til að innleiða stefnu svæðisskipulagsins í aðalskipulagsáætlanir og umræða um hvers konar breytingar kalla á breytingu á stefnu svæðisskipulagsins.
 - Umræða um hversu framkvæmdadriðið svæðisskipulagið væri en stefna þess er sett fram með leiðum til að ná þeim markmiðum sem sett eru. Einn tilgangur svæðisskipulagsins er að nýta samtakamáttinn til að koma verkefnum áfram. Nefndin minnt á að koma með ábendingar á fundum eða milli funda ef einhverjar eru.

3. Umhverfisskýrsla

Farið yfir drög að umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins, forsendur og efnistöku í umhverfismati. Nánar verður fjallað um umhverfisskýrslu á næsta fundi.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 22. nóvember í Árnesi.